

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
16. fundur þriðjudaginn 17. september 2019 kl. 9
Nefndasvið Alþingis.

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Framhald frá síðasta fundi.

a. Kosningastofnun.

Rætt um stöðu Kosningastofnunar í samhengi við markmiðsákvæði frumvarpsins og verkefni erlendra fyrirmynda hennar eins og bresku Kosningastofnunina. Áhyggjur af lýðræði snúa m.a. að dvínandi kosningaþátttöku og falsfréttum sem beint er að kjósendum. Rætt um hvort fela ætti Kosningastofnun að vinna að aukinni kosningaþátttöku. Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga ætti að fela opinberum aðila að vinna að bættri kjörsókn.

b. Yfirkjörstjórnir kjördæma.

Ákveðið að stefna að framkvæmd talningar á kjörstöðum að norrænni fyrirmynd og að atkvæðatalning fari fram á þeim stað sem yfirkjörstjórn sveitarfélags leggur til. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið vel í hugmyndina. Mæla samhliða fyrir um endurtalningu atkvæða. Ákveðið að lágmarksfjöldi atkvæða svo að talið verði á kjörstað verði að norskri fyrirmynd 100 atkvæði. Þar sem lagt er til að talning fari fram á kjörstöðum eða hjá yfirkjörstjórn sveitarfélags og að Kosningastofnun taki á móti framboðslistum fyrir alþingiskosningar og fari með leiðbeiningarhlutverk er hægt að fella brott yfirkjörstjórnir kjördæma.

c. Landskjörstjórn og verkefni hennar samkvæmt stjórnarskrá.

Í ljósi stjórnarskrárvarins hlutverks landskjörstjórnar er ákveðið að leggja til að hún fari áfram með verkefni skv. 31. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og fjölda þingsæta í kjördæmum þar til tækifæri gefst á að breyta stjórnarskrá.

d. Ákvæði um úrskurðarnefnd kosningamála (24. gr.).

Ákvæði bætt við kafla frumvarps um stjórnsýslu kosninga. Ákveðið að varamenn verði skipaðir með sama hætti og aðalmenn. Ákveðið að kveða á um rúllandi skipun fyrir úrskurðarnefnd og stjórn

Kosningastofnunar svo reynslumiklir nefndar- og stjórnarmenn hverfi ekki allir frá hlutverki sínu á sama tíma.

e. Tímasetningar kosninga.

- i. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að sveitarstjórnarkosningar í lok apríl geti fallið of nálægt páskum og menn vilja síður kosningabaráttu á páskum. Sambandið leggur til annan laugardag í maí og ákveðið að það verði lagt til.
- ii. Ákvæði 6. gr. stjórnarskrár mælir fyrir um að forsetakjör fari fram í júní- eða júlímánuði. Ákveðið að leggja til að forsetakjör fari fram fyrsta laugardag í júní sem ekki beri upp á hvítasunnu til að færa kosningarnar eins framarlega og unnt er.

f. Kjörskrá.

Ný tímalína kafla samþykkt. Ákveðið að lagfæra ákvæði kaflans þannig að rafræn kjörskrá verði bersýnilega meginregla en prentuð kjörskrá varaleið.

3. Ákvæði 38.-53. gr. um framboð ásamt skýringum.

Rætt um kröfur um fjölda frambjóðenda á framboðslistum og að auðvelda eigi framboðum að bjóða fram til kosninga. Ákveðið að á framboðslista fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar skuli vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala.

Rætt um ákvæði um andlát frambjóðanda og norrænar fyrirmyndir. Ákveðið að leggja til einfalda og fyrirsjáanlega reglu í þeim tilfellum ef frambjóðandi deyr áður en kosning fer fram en eftir að framboðfrestur er liðinn, þá verði frambjóðendur sem á eftir koma á listanum, færðir upp um sæti. Ef unnt er skal yfirkjörstjórn auglýsa listann þannig breyttan.

Ákveðið að leggja til að frambjóðendur á lista geti ekki verið meðmælendur lista.

Rætt um meðmælendalista og tengsl við vinnu nefndar forsætisráðherra um frumvarp til heildarlaga um starfsemi stjórn málasamtaka. Því velt upp hvort hægt verði að breyta fyrirkomulaginu þannig að meðmælendur mæli með stjórn málasamtökum við skráningu þeirra en ekki með framboðslista fyrir hverjar kosningar. Ræða betur við nefnd forsætisráðherra. Þarf einnig að taka til greina ábendingar ÖSE um fölsun meðmælendalista.

Ákveðið að leggja til að Kosningastofnun taki ákvörðun um gildi framboðslista fyrir alþingiskosningar. Yfirkjörstjórn sveitarfélags taki ákvörðun um gildi framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar. Hvoru tveggja ákvarðanir verði kærarlegar til úrskurðarnefndar kosningamála. Ákveðið að hafa í sitthvoru ákvæðinu en samræma orðalag eins og hægt er.

Rætt um hvort kjörstjórnarfulltrúar ættu að geta mælt með framboðslistum. Annars vegar um að ræða trúverðugleika og ásýnd kosninga og hins vegar rétt fólks til að taka þátt í frjálsum og lýðræðislegum kosningum með því að styðja framboð. Leysist ekki þó mælt verði fyrir um að fólk styðji stjórnmalasamtök við skráningu þeirra í stað stuðnings við framboðslista. Ákveðið að setja á bið.

4. Ákvæði 54.-61. gr. um umboðsmenn stjórnmalasamtaka ásamt skýringum.

Ákvæði um umboðsmenn við forsetakjör þarf að setja inn í frumvarp í samræmi við framkvæmd sem miðast við alþingiskosningalög.

Ekki talin þörf á viðveru umboðsmanna eða valinkunnra kjósenda við útgáfu kjörbréfa til sveitarstjórnarfulltrúa sem kosnir hafa verið við óbundna kosningu þar sem talning atkvæða fari fram fyrir opnum tjöldum.

5. Ákvæði 62.-67. um kjörgögn ásamt skýringum.

Ákveðið að nægjanlegt sé að fjallað verði um kröfur til atkvæðakassa í reglugerð.

Ákveðið að yfirkjörstjórnir sveitarfélaga skuli sjá um gerð og prentun kjörseðla sem notaðir eru á kjörfundi við sveitarstjórnarkosningar, sbr. 2. mgr. 64. gr. frv. M.a. vegna þess að framboðslistar sveitarstjórnakosninga eru í umsjón yfirkjörstjórna sveitarfélaga og til að pappír verði ekki sendur á milli landshluta.

Ákveðið að Alþingi haldi áfram að ákveða spurningar á kjörseðli fyrir þjóðaratkvæðagreiðslur sem haldnar eru á grundvelli ályktana þingsins (óbreytt kerfi).

Ákveðið að skoða betur ákvæði 65. gr. frv. (51. gr. laga um kosningar til Alþingis).

6. Ákvæði 68.-80. gr. um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar ásamt skýringum.

Rætt um bréfkosningar og ákvæði 72. gr. frv. Ákveðið að það sé grundvallaratriði að það verði áfram á ábyrgð kjósenda að skila utankjörfundaratkvæði sínu svo það kemur ekki í hlut Kosningastofnunar að taka á móti bréfatkvæðum miðlægt og koma þeim til yfirkjörstjórna. Kjósendur senda því utankjörfundaratkvæði sín beint til yfirkjörstjórna. Ákveðið að gefa rýmri tímamörk fyrir bréfkosningar og að þær geti hafist 57 dögum fyrir kjördag (í stað 29). Þannig ætti að gefast nægur tími fyrir kjósenda að prenta út kjörgögn eða panta kjörgögn frá Íslandi og senda atkvæði sitt til Íslands.

7. Ákvæði 81.-82. gr. um kjörstaði ásamt skýringum.

Engar athugasemdir við drög.

8. Ákvæði 83.- 105. gr. um atkvæðagreiðslu á kjörfundi ásamt skýringum.

Ákveðið að taka út ritblýskrófu þar sem nú liggur fyrir úrskurður kjörbréfanefndar um gildi atkvæða sem rituð voru með bláum og rauðum penna. Ákveðið að ræða betur kosningaathöfn, skriffæri og form við ákvæðið um mat á gildi atkvæða.

Ákveðið að bæta við ákvæði um hvernig kosning fari fram við þjóðaratkvæðagreiðslur og sameina ákvæði um hvernig skuli greiða atkvæði við aðrar kosningar en listakosningar.

Ákvæði 96. gr. frv. um aðstæður þegar kjósandi ónýtir kjörseðil einfaldað.

Ákvæði 97. gr. um að kjósandi sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar geti ekki greitt atkvæði á kjörfundi samþykkt. Byggir á að framboðsfrestur er færður fram fyrir upphafi atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Ákvæði fært frammar í frumvarp.

Ákvæði 98. gr. um slit kjörfundar endurskoðað og ákveðið að kjörfundum skuli slíta eigi síðar en kl. 21. Nægilegt þykir að kjörfundur standi í 12 tíma og m.a. höfð hliðsjón af því að norrænir kjörfundir standa frá kl. 8 til kl. 20.

9. Ritstjórn frumvarps.

Ákveðið að stefna að því að hafa greinafyrirsagnir eins og hægt er. Ákveðið að númera ekki málsgreinar ákvæða en það væri t.d. hægt að gera í kosningahandbók til að auðvelda þeim sem sjá um kosningaframkvæmd lesturinn.

10. Önnur mál.

Rætt um yfirlestur frumvarps og tímasetningu samráðsfundar með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Rætt um að senda setja athugasemdir starfshóps um stjórnarskrárbreytingar í minnisblað sem verði sent forsætisráðuneyti.

Formaður fundar með forseta Alþingis um stöðu verkefnisins 18. september nk. og síðan er samráðsfundur með fulltrúum þingflokka 20. september nk.

Næsti fundur þriðjudaginn 24. september nk. kl. 8.30-10.

Fundi slitið kl. 14:50.